

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag verzlunar- og þjónustusvæðis í landi Miðfells III.

Í deiliskipulaginu felst að á 1 ha svæði er gert ráð fyrir að reisa gistiheimili. Fyrsti áfangi gerir ráð fyrir 16 herbergjum og möguleiki er að fjölga þeim í 36. Hámarkshæð bygginga er 5 m og nýtingarhlutfall 0,15.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. desember 2012.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 3. janúar 2013.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 17. janúar 2013